



LEIKSKÓLINN  
SJÁLAND

*-náttúruleg gleði*

Sjáland ehf

# Ársskýrsla 2015–2016

Leikskólinn Sjáland



Ábyrgð: Ída Jensdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026



## Efnisyfirlit

|                                                    |           |
|----------------------------------------------------|-----------|
| <b>LEIKSKÓLINN SJÁLAND</b>                         | <b>5</b>  |
| <b>GÆÐASTEFNA LEIKSKÓLANS SJÁLANDS</b>             | <b>6</b>  |
| <b>BARNAHÓPURINN 2015-2016</b>                     | <b>7</b>  |
| <b>STARFSMANNAHÓPURINN 2015-2016</b>               | <b>7</b>  |
| <b>ENDURMAT Á STARFSÁÆTLUN 2015 – 2016</b>         | <b>8</b>  |
| HELSTU VERKEFNI, NÝBREYTNÍ OG ÁHERSLUR 2015-2016   | 8         |
| ENDURMAT Á HELSTU VERKEFNUM, NÝBREYTNÍ OG ÁHERLSUM | 8         |
| ÁHERSLUR Í FORELDRASTARFI 2015-2016                | 10        |
| STEFNA Í STARFSMANNAHALDI 2015 – 2016              | 10        |
| <b>SÉRKENNSLA</b>                                  | <b>11</b> |
| ENDURMAT SÉRKENNSLUTEYMISS Á HAUSTÖNN 2015         | 11        |
| ENDURMAT SÉRKENNSLUTEYMISS Á VORÖNN 2016           | 11        |
| <b>ÞJÁLFUNARKJARNI</b>                             | <b>16</b> |
| ENDURMAT ÞJÁLFUNARKJARNA - SUMAR 2015              | 16        |
| ENDURMAT ÞJÁLFUNARKJARNA - HAUST 2015              | 17        |
| ENDURMAT ÞJÁLFUNARKJARNA - VOR 2016                | 23        |
| <b>FUNDIR OG STARFSMANNAMÁL</b>                    | <b>29</b> |
| STARFSMANNAFUNDIR:                                 | 29        |
| KJARNAFUNDIR                                       | 30        |
| STARFS- OG SKIPULAGSDAGAR                          | 30        |
| NÁMSKEIÐ                                           | 30        |
| <b>FORELDRASAMSTARF</b>                            | <b>31</b> |
| HEFÐIR OG VENJUR Í STARFINU                        | 31        |
| HEFÐIR OG VENJUR Í STARFINU MEÐ ÞÁTTÖKU FORELDRA   | 31        |
| FORELDRAVIÐTÖL                                     | 31        |
| HAUSTFUNDIR                                        | 32        |
| <b>NEMAR OG VETTvangsnám</b>                       | <b>33</b> |
| <b>STARFSÁÆTLUN 2016 - 2017</b>                    | <b>34</b> |
| HELSTU VERKEFNI, NÝBREYTNÍ OG ÁHERSLUR 2016-2017:  | 34        |


|                                             |    |
|---------------------------------------------|----|
| NÁNAR UM ÁHERSLUR Í STARFI .....            | 34 |
| ÁHERSLUR Í FORELDRASTARFI 2016-2017 .....   | 36 |
| STEFNA Í STARFSMANNAHALDI 2016 – 2017 ..... | 37 |
| FRÆÐSLA .....                               | 38 |

## Leikskólinn Sjáland

Leikskólinn Sjáland starfar eftir Fjölvisistefnunnar þar sem áhersla er á einstaklingsmiðað nám, jákvæðni og gleði, náttúruna og opinn efnivið. Starf skólans byggir á lögum og reglugerðum sem Menntamálaráðuneytið setur og aðalnámskrá sem er leiðarvísir fyrir starf leikskóla. Sveitafélaginu ber að setja sér stefnu í

skólamálum og gerir kröfu um að hún sé virk í starfi skólans. Það gerir skólinn með útgáfu á skólanámskrá, sem er yfirmarkmið alls starfs innan skólans. Í okkar skóla setjum við okkur síðan undirmarkmið hvers kjarna sem er flæðið á milli kjarnanna. Hver kjarni setur sér síðan sértæk annarmarkmið sem eru breytileg og taka mið af starfsáætlun, umbótaáætlun síðustu annar, barna- og starfsmannahópnum

Skólaárið 2015-2016 var ellefta starfsár leikskólans Sjálands.



---

## Gæðastefna leikskólans Sjálands

Það er stefna okkar að vinna samkvæmt gæðastefnu leikskólans Sjálands.

### Gæðastefna

- Það er stefna okkar að vera leiðandi í faglegu og árangursríku skólastarfi og efla ímynd þess. Vera fyrirmynd annarra í uppeldis og menntamálum, og hafa áhrif á umræðuna í samfélaginu. Virkja fjölbreytileikann og byggja á jákvæðu viðhorfi og gleði. Efla umhverfishugsun, heilsusamlegt lífni og náttúrulega gleði.
- Það er stefna okkar að þjónustan uppfylli ávalt væntingar barna, foreldra og sveitafélags, og að við skilum ávallt afburða gæðum í faglegu skólastarfi.
- Það er stefna okkar að starfsemin uppfylli ávallt þær opinberu kröfur sem lög og reglugerðir segja til um og gilda um rekstur skóla hverju sinni.
- Það er stefna okkar að beita aðferðum altækrar gæðastjórnunar þar sem allir starfmenn skólans taka virkan þátt í að framkvæma reglulega stöðumat og vinna stöðugt að umbótum
- Það er stefna okkar að koma upp og viðhalda gæðakerfi sem er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ÍST ISO 9001.

---

## Barnahópurinn 2015-2016

Þetta skólaárið var barnahópurinn 134 börn. Fleiri börn bættust við yfir veturinn innan skólans.

Því miður var ákvörðun tekin um að við fengjum ekki áframhaldandi rými í Sjálandsskóla eftir þetta skólaár sem við teljum vera mikilli missir af. Þessi tenging hefur gefið elsta hópnum okkar mikið, hvað varðar stærra skólasamfélag, auðveldara skrefið á næsta skólastig, frábær tækifæri í fjölbreyttari verkefnum og eflt sjálfsmynd þeirra.

---

## Starfsmannahópurinn 2015-2016

Eitt af okkar meginmarkmiðum í skólastarfinu er að byggja upp góðan kjarna starfsmanna sem hefur metnað fyrir starfi sínu og vinnur með jákvæðni og gleði að leiðarljósi.

Yfir veturinn voru langflestir starfsmenn í 100% starfi. Stöðugildin voru alls 39,5 í skólanum þetta skólaárið. Tuggu og fimm stöðugildi inn á kjörnum þar af sjö kjarnastjórar. Í eldhúsi voru tvö stöðugildi, þrír stjórnendur, rúm átta stöðugildi í atferlisþjálfun og eitt og hálf stöðugildi sérkennslustjóri.

### Þverfagleg menntun

Hlutfall menntaðs starfsfólks í leikskólanum Sjálandi var rúmlega 58% að meðaltali þennan vetur. Þverfagleg þekking er mikil og teljum við það gríðarlega jákvætt fyrir faglegt starf innan skólans. Við skólann starfa leikskólakennarar, grunnskólakennarar, B.s. í sálfræði, þroskaþjálfar, uppeldisfræðingur og starfsfólk með aðra háskólamenntun sem og fólk með fjölbreytta reynslu.

## Endurmat á starfsáætlun 2015 – 2016

Endurmat á starfsáætlun síðast liðins skólaárs er mikilvægt til að skoða hvað hefur áunnist og hvers vegna sum markmið náðust ekki, enn fremur að nýta þá reynslu til að byggja ofan á þau markmið sem skólinn mun setja sér fyrir næsta skólaár.

### ***Helstu verkefni, nýbreytni og áherslur 2015-2016***

- Unnið verður að umbótum út frá umbótaáætlun í kjölfari rýni **ytra mats**
- Unnið verður áfram með þróunarverkefni í **Læsi** og **Umhverfismennt**
- Ný þróunarverkefni með áherslu á **Vellíðan** og **Sköpun**

### ***Endurmat á helstu verkefnum, nýbreytni og áherlsum***

#### **Umbótáætlun**

Í kjölfarið ytra mats gefin út skýrsla með niðurstöðum þess mats. Í skýrsluninni komu fram fjölmargar ábendingar um styrkleika skólans sem og tækifæri til umbóta. Stjórnendur skólans hafa kynnt sér niðurstöður skýrslunar og unnið umbótaáætlun sem unnið var að úrbótum skólaárið 2015-2016.

Öllum þáttunum 27 í umbótaáætluninni er lokið nema þáttum nr.1,3, 5, 13.

Nr. 1 er vert verkefni sem mun vonandi nást þegar umhverfi leikskóla á Íslandi hefur þróast í þá átt að nóg verður af menntuðum leikskólakennurum. Sú er ekki raunin í dag, líkt og þegar ytra matið var framkvæmt. Þó má geta þess að frá því að ytra matið var framkvæmt hafa 2 leikskólakennarar útskrifast frá HÍ sem starfa hjá leikskólanum Sjólandi og nýttu sér tækifæri sem námssamningur okkar við þá bauð uppá.

Nr. 3 er verkefni sem unnið er við að innleiða í starfið okkar og festa í sessi með formlegri hætti en hefur verið. Vorið 2016 voru settar niður leiðir til að efla þennan þátt og er nú verið að vinna eftir þeim leiðum.



Nr.5 eru þættir sem búið er að fara yfir og þarf nú að efla innan skólans til að festa í sessi. Ferli ákvarðana er í skoðun samhliða vinnu við mannauðskafla gæðahandbókar skólans.

Nr.13 þarf að klára, en hefur dregist þar sem kortlagning þjónustunnar hefur verið í endurskoðun. Verður klárað haust 2016.

### **Þróunarverkefni**

**Læsi:** Innleiðing á læsisverkefninu Orðasnilli gekk vel síðast liðið skólaár og áfram verður unnið með að festa í sessi í starfi skólans.

**Umhverfi:** Markmið þróunarverkefnisins er að búa til öflugt námsefni í umhverfismennt innan leikskóla. Tókst það vel til bæði þar sem skólinn fékk endurnýjun á Grænfánanum og námsefni sem unnið var með í lokaverkefni við Menntavísindasvið HÍ kláraðist. Næstu skref eru að innleiða þessi nýju verkefni sem þróuð voru í lokaverkefninu sem og að vinna að markmiðum Grænfánans næstu tvö ár en það er að minnka matarsóun innan leikskólans og efla fræðslu um þau mál innan foreldrahóp leikskólans.

**Vellíðan:** Innleiðing á verkefninu „Hugarfrelsi“ gekk ekki sem skildi og hefði þurft meiri eftirfylgni til að tryggja að það festi sig í sessi. Fenginn var jógakennari á vorönninni til að efla jóga og hugleiðslu sem mikil ánægja var með. Áfram verður unnið með Vellíðan næsta skólaár þar sem áhersla verður á vellíðan allra innan skólans og kynna fjölbreyttar leiðir til þess.

**Sköpun:** Markmiðið er að efla vægi sköpunar í skólastarfinu var aukið með tilkomu nýs stöðugildis í skólanum. Það fól í sér stöðu Listakjarastjóra sem hafði það hlutverk að kynna nýjann efnivið og efla sköpun innan skólans. Verkefnið heppnaðist vel og var almenn ánægja með það. Næstu skref væru þá að efla nýjan efnivið í listsköpun og kveikja nýjar hugmyndir. Áfram verður unnið með hugmyndir um Sköpun næsta skólaár en í víðara samhengi þar sem sköpun er mun stærri hluti af leikskólastarfinu en listsköpun.

### ***Áherslur í foreldrastarfi 2015-2016***

Nýtar voru niðurstöður foreldrakönnunar sem framkvæmd var skólaárið 2014-2015 og úrbætur gerðar. Mikilvægt er að foreldrar veiti upplýsingar um sína upplifun af skólastarfinu til að efla enn frekar og verður því foreldrakönnun framkvæmd aftur skólaárið 2016-2017, og héðan í frá annað hvert skólaár.

### ***Stefna í starfsmannahaldi 2015 – 2016***

Við vildum fá raunsæja sýn á starfsánægju starfsmanna, og leita leiða til að auka hana. Fengin var aðili frá Vinnuvernd til að vinna að könnun meðal starfsmanna um líðan í starfi. Niðurstöður þess voru mjög góðar og komu skemmtilega á óvart. Höfðu meðal annars aðilar frá Vinnuvernd orð á því að niðurstöðurnar væri miklu jákvæðari en almennt koma frá sambærilegum vinnustöðum.

„Að mennta innan frá“ – Aukin fagmennska kennara er verkefni sem unnið hefur verið að innan leikskólann síðast liðin ár. Það er ánægjulegt að segja frá því að starfsmaður innan leikskólans fékk leyfisbréf leikskólakennara vorið 2016 og var hann með námssamning við leikskólann um nám samhliða vinnu við skólann.

---

## Sérkennsla

### ***Endurmat sérkennsluteymis á haustönn 2015***

Í sérkennsluteymi skólans störfuðu 5 starfsmenn á haustönn, allir í hlutastarfi. Verkaskipting var nokkuð skýr og gekk starfið vel.

### **Verkefni sérkennslu**

Sérkennslan kom samtals að málum 30 barna. Þar af voru 9 börn á þjálfunarkjarna.

Sendar voru 6 beiðnir til skólaskrifstofu, allar vegna málþroska.

Tvítýngd börn við skólann voru 28, annað foreldrið var af erlendum uppruna hjá 12 börnum en báðir foreldrar hjá 16 börnu.

Sérkennslan sat skilafund með Sjálandsskóla í byrjun haustannar. Einnig voru tveir skilafundir með sálfræðingi. Sérkennslan sat einnig teymisfundi hjá börnum á þjálfunarkjarna.


Sérkennslan fór á námskeið um Lubba finnur málbein, ráðstefnu á vegum Talþjálfunar Reykjavíkur og sérkennslustjóranámskeið.

### ***Endurmat sérkennsluteymis á vorönn 2016***

Í sérkennsluteymi leikskólans voru 13 starfsmenn. 9 starfsmenn voru á þjálfunarkjarna og þar af einn kjarnastjóri. Af þessum 9 voru 4 í hlutastarfi og 5 í fullustarfi. Í sérkennslunni var einn í fullu starfi og tveir í hlutastarfi. Auk þess kom talmeinafræðingur einu sinni í viku og sinnti greiningu og ráðgjöf fyrir leikskólann.

### **Íhlutun sérkennslu**

Sérkennsla kom samtals að 35 börnum, að frátöldum 11 börnum á þjálfunarkjarna. Á mynd eitt má sjá ástæður íhlutunar og eru flestar vegna máls, s.s. framburðar og lítillar málnotkunar. Önnur helsta ástæða íhlutunar er hegðun og svo sambland af bæði hegðun og máli.



**Mynd 1. Fjöldi barna sem fengu íhlutun af hálfu sérkennslu flokkað eftir ástæðu íhlutunar.**

Hlutföll íhlutunarástæðna voru þau sömu og á haustönn 2015, þ.e. að í langflestum tilvikum var íhlutun vegna máls.

Níu beiðnir voru sendar til skólaskrifstofu og voru tilvísunarástæður máltjáning, félagatengsl, hegðun o.fl.

Við skólann stunda 28 tvítyngd börn nám. 12 börn eiga foreldra sem eru báðir af erlendum uppruna, en 16 börn eiga annað foreldri af erlendum uppruna.

Talmeinafræðingur skólans kom að greiningu og ráðgjöf hjá 16 börnum á vorönn. Þau börn sem hún tók í framburðar- og/eða málþroskamat fengu tillögur að úrræðum sem kennarar og foreldrar gátu nýtt sér í vinnu með börnunum, í þeim tilfellum sem þess var þörf. Starfsmaður sérkennsluteymis sat með á öllum skilafundum tameinafræðings til foreldra.

### Verkefni sérkennslu

Í febrúar voru aftur Hljómprófuð þau 8 börn sem fengu slakar og mjög slakar niðurstöður í Hljómprófun á haustönn. Þau börn voru í skólahópum og fengu þjálfun einu sinni í viku fram að því. Öll börnin hækkuðu sig upp í samtöluna 40 og yfir. Unnið var áfram með tveimur drengjum fram á vorið.

Sérkennslan útbjó 14 einstaklingsnámsáætlanir á vorönn. 12 þeirra voru gerðar út frá ráðleggingum talmeinafræðings í framhaldi af málþroska- og eða framburðarmati þeirra barna og 2 voru gerðar

vegna hegðunar. Sérkennsla var með einstaklingsmálörvun fyrir þrjá nemendur í samvinnu við talmeinafræðinga þeirra sem sendu okkur reglulega efni til að vinna með. 19 börn hafa verið í málörvun í vetur hjá sérkennslu.

Skilafundir voru með kjarnastjóra skólakjarna og grunnskólum á vorönn. Fundað var með Sjálandsskóla og Flataskóla. Sérkennsla sat skilafund vegna vorskimunar á skólakjarna. Börnin komu almennt vel út úr því og fylgdi sérkennsla eftir nokkrum atriðum sem komu ekki nógu vel út. Sérkennsla sat einnig tvo fundi með sálfræðingi þar sem farið var yfir niðurstöður úr listum varðandi hegðun, athygli og fleira. Sérkennslustjóri sat alla skilafundi talmeinafræðings til foreldra.

Sérkennsla fór á hádegisverðarfund í Háskólanum í Reykjavík í maí þar sem rætt var um starfsnám grunnnema. Leikskólinn hefur tekið við nemum í nokkur ár og var gott að fara og heyra hvernig önnur fyrirtæki hafa tekið á móti sínum nemum. Við sátum að við erum að gera góða hluti en gætum nýtt nemana betur og úthlutað þeim fjölbreytari verkefnum, þannig ná þau að kynnast fleiri hliðum leikskólastarfsins.

Á vorönn var einn samráðsfundur sem sérkennslustjóri og sérkennslufulltrúi Garðabæjar sátu. Sérkennslustjóri mætti á einn sérkennslustjórafund á vegum Garðabæjar. Sérkennsla var með á öllum 5 kjarnafundum hjá þjálfunarkjarna og stjórnaði þremur þeirra áður en kjarnastjórinn kom úr leyfi. Þar af var einn fundur nýttur í fræðslu um öryggistösk. Þar var starfmönnum sérkennslu og þjálfunarkjarna kennt hvernig best væri að vinna með börnum með erfiða og ógnandi hegðun til að tryggja öryggi barnsins sem og starfsfólks. Einnig var einn fundur nýttur í fræðslu frá vinnusálfræðingi um atferlisgreiningu á vinnustöðum.

### **Sértæk markmið síðustu annar**

- Halda vikulega skráning á einstaklingsáætlunum og endurmeta mánaðarlega.
  - Þetta tókst að einhverju leiti, reglulega var talað við kennara og athugað hvernig gengi en það hefði mátt vera skipulegra. Eins komu tímabil þar sem ekki náðist að gera þetta vikulega.

- Hefja skráningu á málörvunartímum sérkennslu, bæði einstaklings- og hópmálörvun.
  - Þetta gekk mjög vel, nú er öll málörvun skráð og því gott að sjá hvernig ákveðin verkefni ganga. Þessa önn voru ekki málörvunarhópar heldur var einstaklingsmálörvun.
- Halda áfram með reglulegar kjarnaheimsóknir og útfæra tékklista til að til að nota í heimsóknum eða nota sérstök minnisblöð í skráningar.
  - Ekki var útfærður tékklisti en það verður gert í sumar.
- Sækja og aðlaga „board“ í Bitsboard forritinu til að hægt sé að nota það í málörvun sérkennslu.
  - Við náðum í einhver borð og höfum notað þau með sumum börnum, það hentar ekki fyrir öll börn að nota ipad en hjá öðrum virkar það mjög vel. Stefnum á að halda áfram að nota Bitsboard og aðlaga borðin betur.
- Klára starfslýsingar sérkennsluteymis fyrir námsskrá.
  - Þetta náðist ekki.
- Halda áfram með „Orðasnilli“ verkefnið og koma upplýsingum til foreldra í bæklingum eða á kynningu ásamt því að stækka hugmyndabanka bókasafnsins og koma honum í rafrænt form.
  - Ekki náðist að klára þetta verkefni, það er þó lítið eftir og nauðsynlegt að klára þetta.
- Kanna á kjörnum hvort þörf er á kennslu í nýtingu málörvunarefnis sem kjarnar fengu afhent á haustönn 2014. Nú hafa kjarna haft efnið í heilan vetur og þarf að kanna hvort og hvernig þetta nýttist kjörnunum.
  - Sérkennslan gerði málörvunarverkefni sérkennslunnar aðgengilegri fyrir kennara. Halda þarf áfram með þá vinnu og gera allt fína námsefnið sem við eigum aðgengilegra. Kannað var hvort kjarnar voru að nýta sér málörvunarmöppur og það var misjafnt eftir kjörnum. Ákveðið var að taka möppurnar og bæta efni í þær og gera þær aðgengilegri. Kynna þarf möppuna vel og það þarf að gera á hverju hausti.
- Skrá fundargerðir inn í tölvu jafnóðum eftir fundi ef mögulegt og á söguyðublöð, annars vikulega í það minnsta.
  - Þetta gekk mjög vel, við náðum oftast að skrifa fundargerðir í tölvu jafnóð.

## Endurmat – horft til baka

Sérkennslan hefur gengið vel þessa önn. Skólahópurinn gekk mjög vel og börnin tók miklum framförum. Mörg börn hafa verið í málörvun í vetur en við höfum náð að vera með málörvun 1-2 í viku fyrir þau. Tækifæri gafst í vor til að skipuleggja kennsluefnið aðeins og því verður haldið áfram í sumar, m.a. að útbúa lista yfir það kennsluefni sem til er og til hvers það er. Sérkennsluteymið vann vel saman og náði að sinna þeim börnum sem þurftu aðstoð.

## Sértæk markmið næstu annar

- Halda áfram að gera málörvunarverkefni sérkennslu aðgengilegri fyrir kennara, klára að bæta í málörvunarmöppurnar sem eldri kjarnar eru með og kynna þær vel fyrir kjörnum.
- Útbúa málörvunarmöppur fyrir yngri kjarnana og koma þeim í notkun.
- Klára tékklista fyrir kjarnaheimsóknir svo þær verði markvissari og koma honum í notkun.
- Upplýsa foreldra barna í málörvun og skólahóp meira um gengi og markmið.
- Mynda oftár hópa með börnum sem þurfa svipaða aðstoð t.d. tvítyngishópur og félagsfærni hópur.
- Skrifa fundargerðir jafnóðum inn í tölvu og skrifa fundi inn á sögueyðublöðin.

## Þjálfunarkjarni

Starf okkar byggir á því yfirmarkmiði skólans sem er „að allir hafi jafnan rétt til að njóta sín á eigin forsendum“. Í markmiðasetningu kjarnans er tekið mið af yfirmarkmiðum skólans sem og undirmarkmið kjarnans, starfsáætlun skólaársins og barnahópsins.

### **Endurmat þjálfunarkjarna - sumar 2015**

Í sumar fékk þjálfunarkjarni þrjá starfsmenn í afleysingar. Þar af voru tveir sem voru vanir þjálfar og hinn var kennari og þekkti því skólann vel. Mjög gott var að fá vant fólk í afleysingar þar sem þrír þjálfar hættu í vor. Einn starfsmaður byrjaði einnig í vor sem verður áfram næsta vetur. Í lok sumars hætta þrír þjálfar í viðbót og því verður endurnýjun á starfsfólki.

Júní var svolítið strembinn vegna þess að aðeins eitt barn fór í sumarfrí í júní en nokkrir þjálfar voru í fríi. Einnig voru auka sundtímar á hverjum degi í 3 vikur sem settu auka álag á kjarnann.

12 börn voru á þjálfunarkjarna í sumar og 2 börn í sérkennslu. Eitt barn tók ekki sumarfrí og annað barn tók styttra frí.

Í júní tók einnig við nýr þjálfunarkjarnastjóri sem var í því verkefni að skipuleggja sumarið og aðlögun nýju starfsmannanna.

Í júlí þegar flestir þjálfarnir voru í frí fengum við einnig einn kennara í afleysingar til okkar í nokkrar vikur, það var mjög gott því það þarf ákveðinn fjölda til þess að geta leyst af samveru þjálfra hjá börnum sem eru með stuðning allan daginn. Auka tími í sumar var nýttur nýttur í þríf, skýrslugerðir, skipulagningu, lestur og fleira.

### **Ágúst**

Í ágúst byrjuðu tveir nýjir þjálfar. Það var gott að hafa enn sumarstarfsmennina þegar nýju þjálfarnir byrjuðu því það tekur alltaf tíma að aðlaga nýja þjálfra og ekki hægt að gera ráð fyrir þeim inn á plani strax. Við fundum fyrir því að aðlögun tók lengri tíma núna en t.d. fyrir tveimur árum þar sem fleiri börn voru á



Þjálfunarkjarna sem þjálfar þurfa að kynnast. Þarf að hafa það í huga við aðlögun nýrra þjálfra í framtíðinni. Þjálfar fengu mikinn undirbúning í fyrrihluta mánaðar þar til sumarstarfsmennirnir hættu. Þessi undirbúningur var m.a. nýttur í að gera skýrslur fyrir hvert barn um síðastliðinn vetur og til þess að undirbúa og setja markmið fyrir næsta vetur. Það kom sér vel að fá þennan auka undirbúning því þegar sumarstarfsmenn hættu þá átti eftir að manna eina stöðu, sem gekk þó eftir.

Ekkert nýtt barn byrjaði á þjálfunarkjarna þetta sumar ólíkt því sem hefur verið undanfarin sumur. Þetta var því í fyrsta sinn í nokkur ár sem kjarninn er ekki að stækka. Það var mjög gott því stærra er ekki endilega betra.

### ***Endurmat þjálfunarkjarna - haust 2015***

Haustið 2015 voru níu börn á þjálfunarkjarna. Í nóvember bættist svo einn drengur við. Í lok annar voru þau því 10. Þjálfar voru níu, sjö í fullu starfi og tveir í hlutastarfi. Einn þjálfari bættist við í nóvember. Úthlutaðir tímar voru 65, 58 frá Garðabæ og sjö frá Kópavogi. Í nóvember bættust við átta tímar frá Mosfellsbæ.

### **Skipulag**

Á þjálfunarkjarna er töluverður fjöldi þjálfra og barna. Það kallar á mikið skipulag, svo sem dagskipulag. Mikilvægt er að upplýsingaflæði sé gott svo allir séu meðvitaðir um markmið og vinni eins með börnunum.

### **Markmið annar**

- Kjarnastjóri býr til dagskipulag fyrir haustið. Stefnt að því að gefa öllum kjörnum dagskipulag fyrir þjálfunar börnin á þeim kjarna.
- Umsjónarþjálfari lætur kjarnastjóra/hópstjóra vita ef þeirra barn missir tíma.
- Finna góða leið til að allir fái undirbúning.
- Umsjónarþjálfari býður hópstjóra barnins með á morgunfund a.m.k. einu sinni á önn til að upplýsa um hvað er verið að vinna með, hvernig á að bregðast við hegðun og fleira. Hópstjórinn kemur upplýsingunum til hinna kennaranna á kjarnanum.

- Þjálfari fer í þjálfamat 1x á önn. Þjálfamatið er tekið á myndband. Kjarnastjóri hittir þjálfann eftir þjálfamatið og fer yfir matslistann og myndbandið með þjálfara.
- Kjarnastjóri tekur saman tímana sem barnið missir í PLAN B skjalinu. Þannig að þegar það er auka tími vegna veikinda hjá börnum þá fá börnin sem hafa misst tíma auka tíma.
- Nýta fyrstu 45 mínúturnar af kjarnafundi í undirbúning. Seinni 75 mínúturnar ætlum við að nýta í praktísk mál og þema fundarins. Undanfarið hefur það verið öfugt en þjálfar eru of þreyttir fyrir undirbúning kl. 19.
- Kjarna töfluna inni á þjálfunarkjarna. Sundskráningarkerfið – dagatalið – markmið mánaðarins – hrós vikunnar ofl.
- Allir þjálfar eiga að nýta sér hvítu upplýsinga spjöldin á veggnum fyrir börnin. Það geta allir þjálfar skrifað á spjöldin ekki bara umsjónarþjálfari fyrir hvert barn. Spjöldin eru hreinsuð á föstudögum.

### Endurmat - horft til baka

- Dagskipulag haustsins var tilbúið í lok september og nýttum við það vel. Planið breytist það oft að ákveðið var að láta kennara barnsins ekki fá planið.
- Kjarnastjóri sá um að láta kennara vita ef barn missti tíma út af veikindum en ekki umsjónarþjálfari eins og til stóð. Kjarnastjóri gerði planið og fór á morgunfund með kjarnastjórnum þar sem hann lét hina kjarnastjórana vita ef börn á þeirra kjarna myndu missa stuðning þann daginn.
- Í haust prófuðum við nýja leið til að skrá undirbúning. Inn á skrifstofu er blað sem þjálfar geta skráð sig á ef þá vantar undirbúning. Kjarnastjóri gerir svo planið með tilliti til þess. Þessi leið hefur virkarð mjög vel. Við höfum prófað nokkrar aðferðir síðust misseri sem ekki hafa gengið upp og ætlum við því að halda okkur við þessa aðferð.
- Morgunfundir gengu vel og sá einn þjálfari um fundargerð á þeim. Ekki tókst að bjóða hópstjórum barnanna með á fund einu sinni á önn eins og til stóð. Flestir hópstjórar eru kjarnastjórar og eru því á kjarnastjórafundum á þessum tíma. Það þarf að finna nýja leið til að koma upplýsingum til skila.
- Kjarnastjóri náði að gera þjálfamat á nokkrum þjálfum en ekki öllum.
- Kjarnastjóri tók saman tímana sem börnin höfðu misst á haust önn. Það gengur vel að bæta börnunum upp tíma sem þau missa. Flest

börnin misstu t.d. eitthvað af tímum í sptember og október en við náðum að bæta þeim það upp og meira til í nóvember og desember.

- Kjarnafundir byrjuðu oft á undirbúning og svo eftir starfsmannafundinn var fundur um praktísk atriði. Við náðum ekki að gera þetta alltaf en þetta er gott fyrirkomulag og ætlum að halda því áfram.
- Kjarnastjóri náði að nýta tússtöfluna inn á Þjálfunarkjarna aðeins meira þessa önn en undanfarin ár til þess að minna á og hvetja þjálfra. Mætti þó nota hana meira.
- Hvítu upplýsinga spjöldin voru lítið nýtt þessa önn. Upplýsinga flæði er gott og hefur lagast mikið eftir að morgunfundir byrjuðu. Virðist ekki vera mikil þörf fyrir hvítu spjöldin.

### **Umbótaáætlun – horft fram á við**

Almennt var upplýsingaflæði innan Þjálfunarkjarna gott, það þarf þó að bæta upplýsingaflæði á milli þjálfunarkjarna og annarra kjarna. Það þarf að finna góða lausn á því. Kjarnastjóri heldur áfram að gera planið en við ætlum að setja einn þjálfra inn í það sem verður með ákveðna daga þar sem hann gerir planið. Þetta er m.a. gert til að gera teymið sjálfstæðari. Kjarnastjóri þarf að klára að gera þjálfamat á þeim þjálfum sem eftir eru. Miðað við reynslu síðustu ára er ekki raunhæft að gera þjálfamat einu sinni á önn, frekar einu sinni á ári, a.m.k. ef það er svona viðamikil. Kjarnafundir nýttust betur eftir að dagskránni var breytt, þ.e. að byrja á undirbúningi og enda á fundi. Þó mætti nýta þá betur, t.d. taka fyrir ákveðinn þátt í þjálfuninni fyrir og fá alla til að segja frá hvernig þeir vinna með þann þátt. Einnig væri hægt að fá þjálfra til að vera með innlegg eða fá einhverja fræðslu. Fyrir nokkrum árum var alltaf þema á hverjum fundi, kannski mætti endurvekja það.

### **Sértæk markmið næstu annar**

- Finna góða leið til að koma upplýsingum á milli Þjálfunarkjarna og annarra kjarna
- Klára að gera þjálfamat á þeim þjálfum sem eftir eru.
- Nýta tússtöflu inn á Þjálfunarkjarna betur, fá þjálfra til að skrifa líka.
- Endurskoða hvítu upplýsingaspjöldin, þarf að hafa þau ennþá?
- Nýta kjarnafundi enn betur, t.d. þema, fræðsla.

## Teymisvinna

Á þjálfunarkjarna vinna þjálfar saman í teymi. Í teymisvinnu nýtum við ólíka reynslu og þekkingu þjálfra. Teymið þarf að vinna vel saman svo það nái árangri og því mikilvægt að efla og þróa áfram teymisvinnuna.

## Markmið annar

- Virkja þjálfra í að koma með ábendingar varðandi þjálfun barna sem þau eru ekki með í umsjón.
- Virkja þjálfra í að bjóða öðrum þjálfum fram aðstoð sína ef tími gefst, leysa þau af í undirbúning eða gera verkefni fyrir þau.
- Allir þjálfar í teymi barnsins bera ábyrgð á að þjálfun barnsins sé viðunandi og að gögn séu í lagi.
- Hittast 1x á önn og hafa gaman saman. Fara út að borða eða hittast í heimahúsi.

## Endurmat - horft til baka

- Það gekk vel að virkja þjálfra til að koma með ábendingar og finna lausnir fyrir börn sem þeir voru ekki með í umsjón. Morgunfundirnir nýttust vel í þetta.
- Þjálfar voru duglegir að bjóða fram aðstoð og afleysingu í undirbúning. Einnig voru þeir duglegir að láta kjarnastjóra vita ef þeir þurftu/þurftu ekki undirbúning. Þetta er mikilvægt til þess að tíminn nýtist sem best.
- Þjálfar nýttu teymin vel og létu umsjónarþjálfra vita ef það vantaði gögn, ef flokkur hentaði ekki eða ef þeir voru með hugmyndir fyrir þjálfunina. Þetta skilar sér í betri þjálfun.
- Þjálfar á þjálfunarkjarna hittust tvístvar saman utan vinnu þessa önn.

## Umbótaáætlun – horft fram á við

Teymið vann vel saman. Töluvert var af nýjum þjálfum sem byrjuðu í haust en þeir hafa passað vel í teymið. Mórallinn í hópnum hefur verið góður en má alltaf bæta. Eftir því sem þjálfunarkjarni verður eldri og meiri reynsla fæst á hvernig best sé að halda utanum og sinna teyminu því betra verður teymið. Efla má teymið enn frekar t.d. með fræðslu á kjarnafundi.

### Sértæk markmið næstu annar

- Hittast utan vinnu a.m.k. einu sinni á önninni.
- Miðla þeirri þekkingu sem við höfum á teymisvinnunni með námskeiði fyrir aðra leikskóla – unnið úr námskeiðinu sem haldið var í desember fyrir okkar þjálf.
- Prenta út markmiðin fyrir vorönn og hafa sýnileg svo teymið vinni saman og markmisst að þeim.

### Þjálfun inn á kjarna

Lögð er áhersla á að börnin taki þátt í starfi kjarnins, s.s. hópatíma, val tíma og matartíma. Öll börnin eru með sín markmið fyrir ólíkar aðstæður. Inn á kjarna er meðal annars unnið að því að efla samskipti og félagsfærni, kenna sjálfshjálp og hvaðeina sem barnið þarf að vinna í.

### Markmið annar

- Umsjónarþjálfari sér um að setja inn flokk hjá sínu barni sem felur í sér þjálfun á kjarna.
- Útbúa námsáætlun/markmið fyrir kjarnann og setja í doc í catalyst og gefa kennurum.

### Endurmat - horft til baka

- Sum börnin eru með atriði til að skrá inn á kjarna. Ekki var ýtt nægilega á eftir því að allir settu upp atriði til að skrá. Það verður gert á næstu önn.
- Markmið voru sett í upphafi annar og þau sett inn í doc í catalyst en kennarar fengu ekki markmiðin. Kennarar ættu að fá markmið í upphafi annar, það verður gert á vorönn.

### Umbótaáætlun – horft fram á við

Efla mætti enn frekar þjálfun inn á kjarna. Hún hefur í gegnum tíðina ekki verið nógu öflug og má alltaf bæta. Hluti af því hefst með bættu upplýsingaflæði milli þjálfunarkjarna og hinna kjarnanna. Mögulega þarf að ganga á þjálfu á kjarnafundi og láta þá segja frá því hvað verið er að vinna með inn á kjarna. Einnig þarf að fylgja því eftir að kennarar fái markmið barnsins í upphafi annar.

**Sértæk markmið næstu annar**

- Efla þjálfun inn á kjarna, ganga á þjálfu með að skrá inn á kjarna.
- Upplýsa kennara betur um þjálfun barnsins með því að láta þá fá markmið barnsins í upphafi annar.

**Einstaklings þjálfun**

Börnin á þjálfunarkjarna eru öll að vinna í sínum einstaklingsmiðuðu markmiðum og þjálfun þeirra er miðuð út frá þeirra þörfum. Umsjónarþjálfari setur mánaðarleg markmið ásamt því að setja yfirmarkmið fyrir önnina eftir fjölgreindunum.

**Markmið annar**

- Umsjónarþjálfari sér um að gera skjal með helstu upplýsingum um barnið og setja í documents í catalyst. Þetta auðveldar fólki í afleysingum og nýju starfsfólki. Inn í documents á einnig að vera dagskipulag barnsins.
- Nota catalyst betur. Ekki bara opna og loka flokkum, nýta sér línurit, skýrslur og fleira.

**Endurmat - horft til baka**

- Flest börnin voru með helstu upplýsingar inn í doc. Hefði þurft að minna á það hjá þeim sem gerðu það ekki.
- Þetta tókst að einhverju leiti, en má alltaf bæta. Í upphafi annar gerðu allir skýrslu um síðasta ár og prófuðu sig þá áfram í catalyst og lærðu betur á það. Stefnan er að gera svona skýrslu á sumrin og taka þá saman veturinn.

**Umbótaáætlun – horft fram á við**

Einstaklingþjálfun gekk almennt mjög vel, börnin sýndu framfarir og þjálfar lögðu sig mikið fram. Hafdís Erla Valdimarsdóttir og Sigríður Ásta Vigfúsdóttir héldu námskeið í lok annar fyrir þjálfu um ýmislegt tengt þjálfuninni. Þar gafst tækifæri til að fara yfir ýmislegt, skerpa á og samræma vinnubrögð. Stefnan er að halda það árlega, helst í upphafi haustannar. Á námskeiðinu kom m.a. fram að margir skrá ekki truflanir og finnst þær flóknar. Mögulega þarf að finna betri leið til að halda utanum þær.

### Sértæk markmið næstu annar

- Skoða hvort hægt sé að finna betri leið til að halda utanum truflanir.
- Skoða hvort þjálfar ættu að skila einhverju inn til kjarnastjóra, t.d. markmiðum annar. Það væri þá ákveðið aðhald.

### Samantekt

Haustið 2015 var í fyrsta sinn sem Þjálfunarkjarni var ekki að stækka, í vor fóru þrjú börn í grunnskóla og ekkert nýtt kom í staðinn. Það var mjög gott þar sem vöxturinn síðustu ár hefur verið ansi hraður. Við gátum því einbeitt okkur m.a. að því að efla upplýsingaflæði og nýta teymin. Það tókst mjög vel. Upplýsingaflæði er núna mjög gott, það tókst m.a. með morgunfundum og daglegum skilaboðum frá kjarnastjóra. Morgunfundirnir nýtast líka vel í að efla teymin og vinna saman að lausnum og markmiðum. Efla mætti þjálfun barnanna inn á kjarna og upplýsa kennara betur um markmið og þjálfun barnanna. Unnið verður að því á vorönn á bæta úr þessu. Í haust voru hjá okkur tveir norskir nemar í starfsnámi á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þeir fylgdust með og lærðu af þjálfunum. Þar sem þeir töluðu ekki íslensku og máttu ekki bera ábyrgð á börnunum gátum við ekki nýtt þá eins mikið og við hefðum viljað en þeir nýttust þó í ýmislegt, s.s. skráningar og aðstoð við þjálfun. Á haustönn var haldið námskeið fyrir þjálfva leikskólans sem tókst mjög vel. Markmiðið er að þróa það námskeið enn frekar og bjóða þjálfum af öðrum leikskólum að koma á það. Þannig náum við að miðla þeirri reynslu sem við höfum fengið og haft áhrif á samfélagið í kringum okkur í leiðinni. Á vorönn stefnum við að því að nýta kjarnafundina enn betur og mögulega fá inn fræðslu eða fá þjálfva til að vera með innlegg. Þannig styrkjum við teymið enn frekar.

### Endurmat þjálfunarkjarna - vor 2016

Vorið 2016 voru 10 börn á þjálfunarkjarna og í maí bættist eitt barn við. Starfsmenn þjálfunarkjarna voru 10 en þar af voru 6 í hlutastarfi. Úthlutaðir tímar frá Garðabæ voru 60 en í apríl bættust við 8 tímar og einnig 10 tímar tímabundið. Einnig voru 7 tímar frá Kópavogsbæ og 8 tímar frá Mosfellsbæ.

## Skipulag

Á þjálfunarkjarna er töluverður fjöldi þjálfra og barna. Það kallar á mikið skipulag, svo sem dagskipulag. Mikilvægt er að upplýsingaflæði sé gott svo allir séu meðvitaðir um markmið og vinni eins með börnunum.

## Endurmat - horft til baka

- Til að auka upplýsingaflæði á milli kjarna og þjálfunarkjarna var ákveðið að bjóða hópstjóra barnsins með á morgunfundi annað slagið. Kjarnastjórar tóku vel í þessa hugmynd. Þetta var ákveðið í lok annar og því ekki komin reynsla á þetta.
- Í upphafi annar náðist að gera þjálfamat á nokkrum þjálfum en það náðist ekki að klára á öllum. Þetta verður sett í forgang í haust.
- Tússtaflan inn á þjálfun var nýtt vel á önninni. Hún var notuð til að koma upplýsingum til þjálfra, hvatningu og fleiru. Haldið verður áfram með þetta á næstu önn.
- Á kjarnafundi var farið yfir upplýsingaflæði á þjálfunarkjarna. Þjálfar voru sammála um að það hefði batnað mikið og þeim fannst gott að nota message í ipad til að koma upplýsingum til skila ásamt tússtöflunni. Ákveðið var að halda áfram með hvítuupplýsingablöðin, þó þau séu ekki eins mikið notuð og áður.
- Kjarnafundir voru vel nýttir á önninni, við breyttum dagskránni þannig að byrjað var á undirbúning og endað á fundi. Það er mun betra þar sem tíminn í undirbúning nýttist illa í lok dags vegna þreytu. Við fengum einnig tvisvar sinnum fræðslu á kjarnafundi, annars vegar um öryggistök og hvernig best sé að vinna með börn sem sýna erfiða hegðun til að passa upp á öryggi okkar og barnanna og hins vegar frá vinnusálfræðingi um hvernig nýta má atferlisgreiningu á vinnustaðnum.

## Umbótaáætlun – horft fram á við

Upplýsingaflæði milli þjálfunarkjarna og kjarna hefur batnað og stefnan er að bjóða kennurum reglulega á morgunfundi fyrir þeirra barn. Þannig verða kennarar betur upplýstir um þjálfun og markmið barnsins. Upplýsingaflæði innan þjálfunarkjarna var mjög gott, enda markvisst búið að vinna að því að bæta það. Kjarnafundir nýttust mjög vel og var gagnlegt og gaman að fá fræðslu á fundina. Þjálfar



voru mjög ánægðir með fræðsluna og sammála um að gott væri að koma með einhverskonar fræðslu inn á kjarnafundina reglulega.

### Sértæk markmið næstu annar

- Aðalmarkmið annarinnar verður að gera þjálfamat á öllum þjálfum
- Þjóða kennurum á morgunfund fyrir þeirra barn a.m.k. einu sinni á önn
- Hafa fræðslu á a.m.k einum kjarnafundi á önn
- Virkja þjálfra í að nota Trello fyrir börnin og til að deila verkefnum

### Teymisvinna

Á þjálfunarkjarna vinna þjálfar saman í teymi. Í teymisvinnu nýtum við ólíka reynslu og þekkingu þjálfra. Teymið þarf að vinna vel saman svo það nái árangri og því mikilvægt að efla og þróa áfram teymisvinnuna.

### Endurmat - horft til baka

- Þjálfarnir hittust saman utan vinnu í febrúar og fórum einnig út að borða saman í júní. Það var mjög gott til að hrista hópinn saman.
- Ekki náðist að vera með námskeið fyrir aðra leikskóla. Stefnan er að vinna betur námskeiðið sem haldið var í desember og halda það árlega í september þegar flestir þjálfar byrja á leikskólanum. Það væri þá kynning og fræðsla fyrir nýja þjálfra og upprifjun fyrir reyndari þjálfra.
- Markmiðin úr endurmati fyrir önnina voru prentuð út og hengd upp á vegg í skrifstofunni þannig þjálfar voru meðvitaðir um markmið kjarnans. Þegar markmiði var náð var það merkt inn á blaðið. Þetta var góð áminning um markmiðin og hjálpaði okkur að muna eftir þeim.

### Umbótaáætlun – horft fram á við

Teymisvinnan gekk vel þessa önnina, þjálfar voru duglegir að hjálpast að með verkefni og unnu vel saman. Mismikil reynsla er hjá þjálfum á þjálfunarkjarna og mikilvægt er að hafa góða eftirfylgd. Það er eitthvað sem við mætum bæta á næsta skólaári, t.d. fá þjálfra til að skila inn námsáætlun og samantektarskýrslu og gefa þeim endurgjöf á það, gera þjálfamat og fleira. Þetta myndi styrkja þjálfana og við næðum betur að samræma vinnubrögð. Það var mjög gott að hengja

upp markmið annarinnar svo þjálfar séu meðvitaðir um þau, eins er mikilvægt að prenta út endurmatið fyrir þjálfra og fá þeirra skoðanir á starfinu.

### Sértæk markmið næstu annar

- Þjálfar skili staðlaðri námsáætlun og markmiðum út frá greindum fyrir barnið í upphafi annar til kjarnastjóra.
- Einstaklingsáætlun sé skilað til kennara barnsins.
- Hafa markmið annarinnar áfram sýnileg fyrir þjálfra.
- Námskeið fyrir nýja þjálfra

### Þjálfun á kjarna og einstaklingsþjálfun

Börnin á þjálfunarkjarna eru öll að vinna í sínum einstaklingsmiðuðu markmiðum og þjálfun þeirra er miðuð út frá þeirra þörfum. Umsjónarþjálfari setur mánaðarleg markmið ásamt því að setja yfirmarkmið fyrir önnina eftir fjölgreindunum. Lögð er áhersla á að börnin taki þátt í starfi kjarnins, s.s. hópatíma, valtíma og matartíma. Öll börnin eru með sín markmið fyrir ólíkar aðstæður. Inn á kjarna er meðal annars unnið að því að efla samskipti og félagsfærni, kenna sjálfshjálp og hvaðeina sem barnið þarf að vinna í.

### Endurmat - horft til baka

- Farið var yfir þjálfun á kjarna á kjarnafundi og flestir voru komnir með eitthvað í gang. Reglulega þarf að minna á þetta og fylgja því eftir að þjálfar séu með markmið fyrir börnin á kjarna og skrái það.
- Flestir þjálfar létu kennara fá markmið fyrir önnina en misjafnt var hversu mikið kennarar nýttu sér það. Í sumar og næsta vetur verður kennurum boðið á morgunfund og þannig náum við að virkja kennara meira í þjálfun barnanna.
- Farið var yfir truflanir á kjarnafundi og þjálfar hvattir til að gera þær markvisst. Staðan var svo aftur tekin á þjálfum nokkrum mánuðum seinna og margir búnir að tileinka sér að gera truflanir. Minna þarf aftur á þetta í haust og þá sérstaklega að truflanir séu skráðar.
- Þjálfar skiluðu markmiðum til kjarnastjóra fyrir vorönnina en á næstu önn er stefnt á að hafa formið samræmt. Nota formið sem sérkennslan notar á einstaklingsáætlunum.

## Umbótaáætlun – horft fram á við

Þjálfun inn á kjarna er misjöfn eftir börnum, bæði hvers konar þjáflun og einnig hversu mikil. Það má vel bæta þjálfun inn á kjarna og mögulega taka einn kjarnafund í þetta, fara yfir hvernig hægt er að gera þetta, hvað þarf að horfa eftir til að sjá hvað barnið þarf að æfa sig í og fleira. Einnig er mikilvægt að nýta kennarana vel í þetta.

Einstaklingsþjálfun gengur heilt yfir mjög vel, námskeið sem haldið var á haustönn var góður vettvangur fyrir umræður um framkvæmd einstaklingsþjálfunar. Það er mikilvægt að fara reglulega yfir þetta og samræma vinnubrögð. Nú þegar ráðgjöf frá greiningarstöð hefur minnkað þurfum við á þjálfunarkjarna að taka við til að gera þjálfana enn betri. Stefnan er að halda námskeiðið árlega og þá í upphafi haustannar, þegar flestir nýir starfsmenn byrja.

## Sértæk markmið næstu annar

- Að öll börn séu með eitthvað sem er skráð og unnið markvisst að inn á kjarna.
- Minna á truflanir og fylgja því eftir að þjálfar noti þær og skrái niður.

## Samantekt

Vorið 2016 voru 10 börn á þjálfunarkjarna og í maí bættist eitt við. Starfsmenn þjálfunarkjarna voru 10 en þar af voru 6 í hlutastarfi. Úthlutaðir tímar frá Garðabæ voru 60 en í apríl bættust við 8 tímar og einnig 10 tímar tímabundið. Einnig voru 7 tímar frá Kópavogsbæ og 8 tímar frá Mosfellsbæ. Samtals var þjálfunarkjarni því með 83 tíma og þeir fóru upp í 73 í apríl og út júní.

Vorönn á þjálfunarkjarna gekk mjög vel. Teymið vann vel saman og barnahópurinn var passlega stór. Eftir því sem þjálfunarkjarni verður eldri kemur meiri reynsla á hvernig best sé að haga hlutunum og við höfum náð að fínþússa ýmsa verkferla en það alltaf eitthvað sem má laga og bæta. Flest markmið annarinnar náðust og aðalmarkmið næstu annar er þjálfamat og eftirfylgni. Þjálfunarkjarni fékk tvisvar sinnum fræðslu á kjarnafundi á vorönn, annars vegar um öryggistök og hvernig best sé að vinna með börn sem sýna erfiða hegðun til að passa upp á öryggi okkar og barnanna og hins vegar frá

vinnusálfræðingi um hvernig nýta má atferlisgreiningu í vinnunni. Allir voru ánægðir með fræðsluna og stefnan er fá reglulega fræðslu á kjarnafundum.

## Fundir og starfsmannamál

### **Starfsmannafundir:**

Starfsmannafundir voru haldnir reglulega eða u.þ.b einu sinni í mánuði allt skólaárið. Fundirnir voru nýttir í það að skerpa á faglegu starfi leikskólans og koma hagnýtum upplýsingum varðandi skólann og skipulagið til skila.

- **19. ágúst – kjarnastjórafundur.** Þar sem stjórnendateymi og kjarnastjórar vinna að skipulagi vetrarins. Farið yfir starfsáætlun næsta skólaárs, áherslur í starfi, viðburði, skipulagsdaga og starfsmannafundi.
- **25. ágúst - starfsmannafundur.** Farið yfir stefnu skólans og áherslur atriði í starfinu sem koma fram í starfsáætlun. Kynnt umbótaáætlun leikskólans í tengslum við ytra mat ráðuneytisins.
- **15. September - nýliðanámskeið.** Á það mæta allir þeir starfsmenn sem hafa ný hafið störf á Sjálandi.
- **28. september – starfsmannafundur.** Kynning á námsefninu Hugarfrelsi.
- **20. október – starfsmannafundur.** Farið yfir Læsisstefnu leikskólans og kennsluleiðbeiningar henni tengdar. Unnið í undirbúningi fyrir foreldraviðtöl.
- **24. nóvember - starfsmannafundur.** TMT kynning, fyrirlestur um lýðræði barna og ýmis praktísk mál.
- Desemberfundur er ekki haldin þar sem unnið er að jólaundirbúningi
- **26. janúar – starfsmannafundur.** Kynning á Karellen, passion planner, sagt frá starfsmannakönnun og sagt frá breytingum á skólakjarna næsta vetur.
- **23. Febrúar – starfsmannafundur.** Rætt um grunnþáttinn sköpun og hvernig við getum nýtt okkur hann í starfi leikskólans. Einnig rætt um vellíðan barna og hvernig við getum tryggt hana í erlis dagsins.
- **29. mars – starfsmannafundur.** Umhverfismennt í leikskólanum og Grænfáninn. Foreldraviðtöl undirbúin.
- 10. maí starfsmannafundur– flutningar á milli kjarna undirbúnir og kjarnar hittast á skilafundi.

### ***Kjarnafundir***

Kjarnafundir voru haldnir einu sinni í mánuði, í byrjun hvers mánaðar. Kjarnafundirnir voru notaðir til að ræða um hvert barn fyrir sig, hvar það stæði í þroska og hvernig væri hægt að hvetja það áfram í sínum sterku og veiku hliðum. Einnig voru kjarnafundirnir nýttir í að kjarna kjarnann, hvernig væri hægt að gera starfið faglegra og skipulegra. Fara í undirbúningsvinnu og rætt um hvað væri framundan á kjarnanum og í leikskólanum. Hver kjarni sá um að finna tíma og skipulagningu á sínum kjarnafundi

### ***Starfs- og skipulagsdagar***

- **11.-12. september - vinnuferð á Akureyri.** Unnið 11. september föstudag með fagmennsku þar sem kynnt voru áhersluatriði lestrarstefnu leikskólans og unnið í umbótaáætlun leikskólans. Farið á kynningu hjá Jafnréttisstofu. 12. September laugardag fyrirlestur um tónlist í vinnu með börnum. Fyrirlestur um starfsánægju og þína ábyrgð.
- **28. október – starfsdagur.** Þróunarverkefni þar sem foreldraviðtöl voru tekin þennan dag.
- **4. janúar - ½ starfsdagur.** Skyndihjálparnámskeið
- **20.-24. Apríl – Námsferð til New York**

### ***Námskeið***

Garðabær bauð upp á námskeið í samstarfi við önnur sveitarfélög og nýttu nokkrir kennarar sér það.

---

## Foreldrasamstarf

### ***Hefðir og venjur í starfinu***

- 27. Október, bangsadagur
- 19. Nóvember, dótadagur
- 10. Desember, leiksýning í salnum
- 16. Desember, Jólballið var haldið
- 18. Desember, Jólastund í salnum
- 18. Janúar, vika íslenskrar viku hefst
- 22. Janúar, Þorrablót
- 25. Janúar, Fjölbjóðavika hefst
- 8. febrúar, var bollukaffi
- 9. febrúar, var sprengidagur með öllu tilheyrandi
- 10. febrúar, var öskudagur – náttfataball
- Vínafundur tvisvar í mánuði frá nóvember - apríl

### ***Hefðir og venjur í starfinu með þátttöku foreldra***

- 9. September, Karnivalið var haldið í boði foreldrafélagsins.
- 13. Nóvember, Pabba og afakaffi var á kjarna.
- 3. Desember, Farið var að ná í jólatré.
- 5. Desember, Piparkökumálun.
- 25. Janúar fjölbjóðavika
- 7. Maí, Sveitarferð í boði foreldrafélagsins.
- 10. júní, Mömmu og ömmukaffi var á kjarna.
- 16. Júní, Þjóðhátíð var haldin.

### ***Foreldraviðtöl***

Foreldraviðtöl voru mánudaginn 28. október 2015 og aftur laugardaginn 9. apríl 2016. Þá hittust foreldrar og kennarar hvers barns og ræddu um stöðu barnsins í leikskólanum, bæði styrkleika og veikleika. Foreldrar nýttu sér þessi viðtöl vel og var góð mæting báða dagana.

Í foreldraviðtölunum spurðu kennarar foreldra nokkurra spurninga í sambandi við starfið á kjarnanum og skólanum öllum. Foreldrar tóku vel í að svara og fóru kjarnastjórar yfir svörin og nýttu þau í endurmat kjarnans.

### ***Hautfundir***

Hautfundur fyrir foreldra en haldin á sama tíma og aðalfundur foreldrafélags og foreldraráðs.

Dagskrá fundarins:

- Foreldraráð segir frá sínum störfum
- Kosning fulltrúa í foreldraráð
- Foreldrafélagið segir frá sínum störfum
- Lagður fram ársreikningur félagsins
- Kosning fulltrúa í foreldafélagið
- Kynning á agastefnu leikskólans
- Kjarnastjórar segja aðeins frá starfi vetrarins



---

## Nemar og vettvangsnám

Mjög mikilvægt er að fá nemanna í verknám inn á leikskólana. Fá tækifæri til að tengjast Háskólanum og kynna það góða starf er hér fer fram. Einnig alltaf gott að fá ferskan blæ, nemarnir eru offullir af góðum hugmyndum sem nýtast í starfinu. Við getum kennt þeim og þeir okkur. Þetta var alveg sérlega skemmtilegur tími og mjög lærdómsríkur.

### Nemi frá Háskólanum í Reykjavík

Nemar í sálfræði í Háskóla Reykjavíkur komu í vettvangsnám á þetta skólaárið. Sjá nánar um það í endurmati á þjálfunarkjarna.

## Starfsáætlun 2016 - 2017

### **Helstu verkefni, nýbreytni og áherslur 2016-2017:**

- Vinna og viðhalda þeim umbótum sem unnið var með út frá umbótaáætlun í kjölfari rýni **ytra mats**
- Unnið verður áfram með þróunarverkefni í **Læsi, Umhverfismennt, Vellíðan og Sköpun**
- Vinna eftir aðgerðaráætlun vegna **skólastefnu Garðabæjar 2014-2017**
- Skerpar á **áherslum** hvers kjarna.

### **Nánar um áherslur í starfi**

#### **Umbótaáætlun í kjölfari ytra mats**

Umbótaáætlunin felur í sér bætt starf í leikólanum. Ytra matið gaf okkur góða sýn á starfið okkar og veitti okkur tækifæri til að efla það enn frekar. Flestir þættir sem taldir eru upp í umbótaáætluninni er lokið eða verið er að klára þá þetta haust.

#### **Þróunarverkefni**

**Læsi:** Áfram verður unnið með læsisstefnuna þar sem markmiðið er að festa þessi verkefni í sessi í starfi okkar.

Orðasnilli er læsisstefna leikskólans, ýmis verkefni eru unnin m.a.:

- Allir kjarnar:
  - Bókasafnið nýtt, sett upp áætlun með áherslum og leiðbeiningum fyrir kennara
  - Markviss málörvun
  - Lubbi, verkefni og sögur
  - TMT notkun
  - Málörvunarhefti, sem unnið er af sérkennsluteyminu fyrir Bláa, Rauða og Skólakjarna
- Stafainnlögn / hljóðainnlögn á Skólakjarna
- Læsisvika verður 14.-18.nóvember
- Bókavika verður 27.-31.mars

**Umhverfi:** Markmið þróunarverkefnisins er að búa til öflugt námsefni í umhverfismennt innan leikskóla

- Grænfánaumsókn
  - o Matarsóun – áhersla á að minnka matarsóun og fræða börn, foreldra og starfsfólk.
  - o Innleiða ný verkefni og kennsluleiðbeiningar um M.agga M.oltu
- Umhverfisvika verður 3.-7.október

**Vellíðan:** Markmiðið er að auka vellíðan allra innan skólans og kynna fjölbreyttar leiðir til þess

- Innleiða verkefnið "Verklag um velferð barna í Garðabæ"
- Vinavika verður 7.-11.nóvember
- Auka þátttöku barna á mati á skólastarfinu og efla lýðræði
- Jafnræði innan rammans eykur vellíðan, með jákvæðri agastefnu náum við því fram
- Efla jóga og núvitund (mindfulness and compassion)
- Jógavika verður í byrjun febrúar
- Íslensk menning 16.-20.janúar
- Fjölbjóðavika verður 23.jan-3.febrúar

**Sköpun:** Markmiðið er að sköpun verði sýnileg í öllu starfinu

- Kynna ný viðfangsefni og efla skapandi hugsu barna
- Hugmyndir s.s. „að leita svara, tilraunir, rökræða og ígrunda, hugsa í lausnum“ verður unnið með

**Áherslur kjarna:** Markmiðið er að búa til skýrari samfellu inna leikskólans.

- Yngrikjarni vinnur með „*Leikskólinn minn, aðlögun og vinir mínir*“
- Guli- og Grænikjarni vinnur með „*Við sjálf, líkaminn og tilfinningar*“
- Rauði- og Bláikjarni vinnur með „*Fjölskyldan og ég*“
- Skólakjarni vinnur með „*Samfélagið og nærumhverfi*“

## **Áherslur í foreldrastarfi 2016-2017**

Gerð verður foreldrakönnun á vorönninni

- Greina og bæta þá þætti sem koma fram í könnuninni

Efla innsýn foreldra í starf skólans með öflugu kynningarstarfi.

- Viðhalda þeim hefðum og venjum sem hafa fest sig í sessi í starfi skólans.
- Viðhalda öflugu foreldrafélagi sem stuðlar að samverustundum foreldra og barna í samvinnu við skólann.
- Viðhalda öflugu foreldraráði sem vinnur að því að efla upplýsingaflæði á milli skólans og foreldra, fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra til foreldra.

Enn fremur munum við viðhalda þeim markmiðum að:

- Setja vikulega inn nýjar fréttir á heimasíðu skólans
- Efla upplýsingaflæði frá kjarna til foreldra með fréttum á heimasíðu kjarnans og upplýsingatöflu
- Nýta netfangalista foreldra og senda fræðslu og upplýsingar til þeirra
- Bjóða foreldrum og fjölskyldum barnanna í heimsóknir og þátttöku í viðburðum innan skólans

Nýta foreldraviðtölin sem eru tvö á skólaárinu til að fá upplýsingar frá foreldrum m.a. um þeirra viðhorf til skólans.

Ennfremur verður unnið að:

- Hlutverki foreldra í leikskólastarfinu í tengslum við gæðahandbók
- Námskeið verður haldið fyrir foreldra af atferlisþjálfara skólans um agastefnu skólans og hvernig foreldrar geta nýtt sér hana heima og þannig skapist samræmi milli leikskóla og heimilis

## ***Stefna í starfsmannahaldi 2016 – 2017***

**Þetta skólaár ætlum við að vinna markvisst að styrkja fagvitund**

### **Leiðir**

- Starfdagar
  - Starfið okkar og mannauðurinn
  - Velferð barna, kennaranámskeið
  - Foreldraviðtöl
  - Skyndihjálpanámskeið
- Starfsmannafundir
  - Skipulag vetrarins
  - Umhverfismennt
  - Læsisstefn og undirbúningur foreldraviðtala
  - Agastefna
  - Jóga og núvitund
  - Orðasnilli og undirbúa foreldraviðtöl
  - Skipulag sumarstarfsins
- „Að mennta innan frá“ – Aukin fagmennska kennara, tækifæri til námssamnings

## Fræðsla

Til að stuðla að fagvitund kennara er mikilvægt að lögð sé áhersla á sí- og endurmenntun. Því höfum við sett upp áætlun fyrir skólaárið, gerð er krafa á að allir kennarar skili henni a.m.k.95%.

| Áætlun veturinn 2016-2017                                                      | Dagsetning     |
|--------------------------------------------------------------------------------|----------------|
| Lýsing á áætlaðri sí- og starfsþróun (formleg/óformleg fræðsla)                |                |
| Starfsmannafundur                                                              | ágúst          |
| Starfsmannafundur                                                              | sept           |
| Starfsmannafundur                                                              | okt            |
| Starfsmannafundur                                                              | nóv            |
| Starfsmannafundur                                                              | jan            |
| Starfsmannafundur                                                              | feb            |
| Starfsmannafundur                                                              | mars           |
| Starfsmannafundur                                                              | apríl          |
| Starfsmannafundur                                                              | maí            |
| Kjarnafundur                                                                   | sept           |
| Kjarnafundur                                                                   | okt            |
| Kjarnafundur                                                                   | nóv            |
| Kjarnafundur                                                                   | des            |
| Kjarnafundur                                                                   | jan            |
| Kjarnafundur                                                                   | feb            |
| Kjarnafundur                                                                   | mars           |
| Kjarnafundur                                                                   | apríl          |
| Kjarnafundur                                                                   | maí            |
| Kjarnafundur                                                                   | júní           |
| Nýliðanámskeið                                                                 | 13.sep         |
| Skipulagsdagur                                                                 | 16.sep         |
| Skipulagsdagur                                                                 | 17.sep         |
| Skipulagsdagur -hálfur                                                         | 2.jan          |
| Skipulagsdagur                                                                 | apríl/maí      |
| Fræðafundir foreldraf.                                                         | haustönn       |
| Fræðafundir foreldraf.                                                         | vorönn         |
| Stutt kynning á starfsmannafundi - frá t.d. frá námskeiði, námi, hópatíma ofl. | skrá sig sjálf |
| Námskeið haustönn                                                              | skrá sig sjálf |
| Námskeið vorönn                                                                | skrá sig sjálf |
| Þátttaka í þróunarstarfi innan skólans - teymisvinna/faghópavinnu              |                |

Þessi áætlun gefur kennurum bæði svigrúm og aðhald í sinni endurmenntun og teljum við að skólinn verði öflugri með aukinni þekkingu kennara.